Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi (FEBSEL)

Aðalfundur 2024

Fundargerð

Fundarstaður: Félagsaðstaða eldri borgara á Seltjarnarnesi, Skólabraut 5-7

Fundartími: 29. febrúar 2024 kl.16.00

Fundargestir: Stjórn FEBSEL (KÓ, SÓ, SB, RH, IH, HH) og 25 félagsmenn.

Kristbjörg Ólafsdóttir, formaður FEBSEL, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Fundargestir þáðu kaffi og meðlæti og spjallað var óformlega uns fundarstörf hófust. Gengið var úr skugga um að aðalfundurinn væri löglegur og löglega til hans boðað. Formaðurinn lagði til að Ólafur Egilsson yrði kosinn fundarstjóri og Ragnheiður Haraldsdóttir fundarritari og var það samþykkt.

Þá var gengið til dagskrár samkvæmt lögum félagsins.

1. Skýrsla stjórnar

Kristbjörg Ólafsdóttir gerði grein fyrir starfsemi félagsins, og fer hér á eftir samantekt úr skýrslu formanns fyrir starfsárið 2023-2024.

Stjórn FEBSEL skipuðu Kristbjörg Ólafsdóttir, formaður, Sigríður Ólafsdóttir, gjaldkeri, Ragnheiður Haraldsdóttir, ritari, Stefán Bergmann og Þóra Einarsdóttir, meðstjórnendur, og Helgi Hjaltason og Inga Hersteinsdóttir varamenn. Varamenn sitja stjórnarfundi og taka þátt í störfum stjórnarinnar. Öldungaráð Seltjarnarness er skipað þremur fulltrúum frá FEBSEL og þremur frá bæjarfélaginu auk formanns, sem skipaður er af bæjarstjórn. Fulltrúar félagsins voru Kristbjörg Ólafsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Þóra Einarsdóttir.

Haldnir voru ellefu bókaðir stjórnarfundir en auk þeirra einn óformlegur umræðufundur á vegum stjórnarinnar. Kristín Hannesdóttir, umsjónarmaður starfs eldri borgara Seltjarnarnesbæjar, sat sem gestur á nokkrum fundum stjórnarinnar og Hildigunnur Gunnarsdóttir, formaður Öldungaráðs, sat einn fund.

Snjalltækjanámskeið: FEBSEL og Bókasafn Seltjarnarness hófu samstarf á vormánuðum 2023. Fyrst voru haldin tvö snjalltækjanámskeið þar sem kennarar frá Proment, sem styrkt var af stjórnvöldum og því ókeypis fyrir félagsmenn, kenndu fólki á símana sína og hvernig þeir gætu aukið möguleikana með notadrjúgum öppum. Áhugi virðist vera á áframhaldandi aðgengi að slíkri kennslu og leitum við úrræða, en stjórnvöld hættu að styðja við verkefnið síðastliðið vor.

Fyrirlestrarröð: Þrír fyrirlestrar hafa verið haldnir í bókasafninu um málefni eldri borgara og einn er í undirbúningi.

Dr. Páll J. Líndal, umhverfissálfræðingur talaði fyrir eftirsóknarverðu umhverfi eldri borgara þar sem kom fram að „öryggi“ er efst á blaði í öllum rannsóknum um málefnið og tók hann sem dæmi um búsetuúrræði umhverfið hér kringum Skólabrautina sem honun leist vel á.

Dr. Pálmi Jónsson, lyf- og öldrunarsérfræðingur talaði um farsæla öldrun, hvað bæri að gera og hvað að varast til að halda færni sem lengst og svo hvernig hann sæi fyrir sér að heilbrigðiskerfið þyrfti að bregðast við síauknum fjölda aldraðra í framtíðinni.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður með áratuga reynslu af ráðgjöf til aldraðra í erfða- og fjármálum, fræddi okkur um þau mál og benti okkur á góð úrræði um lífeyris- og skattamál, svo og um erfðaskrár.

Fjórði fyrirlesturinn er svo í undirbúningi og fyrirhugaður í byrjun apríl á bókasafninu.

Samvinnan við Bókasafn Seltjarnarness (Kristín Arnþórsdóttir) hefur verið afar góð og starfsfólkið allt af vilja gert til að koma til móts við okkur. Umhverfið er hlýlegt og viðmótið gott svo möguleikarnir á fjölbreyttri samveru eru miklir. Talað hefur verið um lestrarklúbba, listtengd námskeið og listvinaklúbb, tafl og bridge svo dæmi séu tekin.

Gönguklúbbur Gróttu hóf starfsemi sína 5. maí í fyrra. Gengið er frá félagsheimili Gróttu kl. 10:30 á föstudagsmorgnum. Eftir góðan göngutúr er svo sest saman og spjallað yfir kaffi og veitingum frá Björnsbakaríi. Tekið var gott sumarfrí en þráðurinn tekinn upp aftur í haust. Þátttaka er minni yfir kaldasta tímann. Stjórn FEBSEL íhugar að taka upp fjölbreyttara samstarf við Gróttu um hreyfingu fyrir eldri borgara eins og svo mörg sveitafélög hafa stuðlað að, - í anda „Gott að eldast“ og „Bjartur lífstíll“ þar sem samvinna íþróttafélaganna og félaga eldri borgara er í fyrirrúmi. Fyrirhugað er að biðja um fund með stjórnendum Gróttu til að kanna málið. Bæjaryfirvöld gerðu áframhaldandi samning til 2ja ára við Janusarverkefnið.

Námsaðstoð í Mýrarhúsaskóla: Samvinna komst á milli Ingu Hersteinsdóttur stjórnarmanns í FEBSEL og Grunnskólanna á Nesinu um að Inga ásamt sjálfboðaliðum frá Félagi eldri borgara á Seltjarnarnesi tækju að sér að aðstoða þá nemendur sem það vildu og/eða þyrftu með námið, einu sinni í viku á bókasafni skólanna. Inga hafði reynslu af álíka verkefni frá Rauða krossinum í Reykjavík og vildi að þessi aðstoð væri veitt hér á Nesinu líka. Verkefnið er hafið og lofar góðu.

Samstarf við Landssamband eldri borgara LEB: FEBSEL sendi tvo fulltrúa (Sigríði Ólafsdóttur og Kristbjörgu Ólafsdóttur) á Landsfund LEB sem haldinn var í Borgarnesi 09.05.23. Fundurinn var haldinn undir kjörorðinu „Við bíðum ekki lengur“, en kjaramál eldri borgara og skerðingarmál tóku drjúgan tíma. Afrakstur þeirra mála birtist í kjaramálastefnu LEB nú í vetur og ákalls til allra verkslýðsfélaga að taka málefni eldri borgara með í kjarabaráttuna og að samningaborðinu svo þeir sætu ekki alltaf eftir í lífsgæðakapphlaupinu. Auk kjaramálanna var heilsuátakinu „Gott að eldast“ gerð góð skil á fundinum. Nokkrir Zoom-fundir hafa verið haldnir á árinu á vegum LEB þar sem formenn allra FEB-félaga á landinu hittast og bera saman bækur sínar. Oft eru þessir fundir fróðlegir og upplýsandi um mismuninn á aðstöðu fólks á landsbyggðinni og þeirra er búa á höfuðborgarsvæðinu. Í gegnum Zoom hafa líka verið sóttar ráðstefnur t.d. í Ráðhúsinu um fyrirhugaða Lífsgæðakjarna í Reykjavík 27.09.23 og um launa- og kjaramál 02.10.23, sem var framlenging á kjaramálaumræðunni á Landsfundinum frá því í vor.

Öldungaráðið: Aðeins voru haldnir tveir fundir á vegum Öldungaráðsins á starfsárinu. Nýtt öldungaráð var skipað eftir kosningar. Formaður er Hildigunnur Gunnarsdóttir. Frá FEBSEL eru fulltrúar Þóra Einarsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Kristbörg Ólafsdóttir. Stjórn FEBSEL sendi bréf með 6 áhersluatriðum til formanns Öldungaráðs 24.10.22. Allt atriði sem eru mjög áríðandi fyrir eldri borgara. Við bréfinu var brugðist með Öldungaráðsfundi 31.01.23. Vel var tekið í bréf okkar, nokkur atriði tekin út til frekari vinnslu innan bæjarins og ákveðið að taka upp regluleg fundarhöld í ráðinu, fjórir fundir á ári eins og tíðkaðist fyrir Covid. Stjórn FEBSEL hélt áfram að vinna í málunum og sendi annað bréf til formanns Öldungaráðs 24.03.23 þar sem upplýsingum um stöðu mála á Skólabraut 10

var komið á framfæri og ósk um að yfirvöld fylgdust með framgangi mála með tilliti til eldri borgara. Auk þess var farið yfir aðstöðu fyrir félagsstarf eldri borgara og áréttað mikilvægi þess að við kæmum að umræðu og ákvarðanatöku um okkar málefni. Öldungaráðsfundur var boðaður 24:04.23. Þar var lýst yfir ánægju Öldungaráðs með að samstarf við Gróttu væri að hefjast. Minnst aftur á sum atriðin í bréfi okkar frá því í október 2022 en ekkert gerðist, engin svör, engar athuganir og engin vinna lögð í málin af bæjarins hálfu. Síðan leið árið og engir fundir voru boðaðir frekar hjá Öldungaráðinu. Sem sagt 2 fundir í stað 4 sem bókaðir voru á áætlun í upphafi árs.

Stjórnin sendi enn eitt bréfið til formanns Öldungaráðs með afriti á bæjarstjóra og sviðsstjóra fjölskyldusvið 25.01.24. Í bréfinu var tíundað hvað FEBSEL hefur aðhafst í áðurnefndum málaflokkum og kom þar fram að af hálfu bæjarins hafa yfirvöld aðeins staðið fyrir framlengingu Janusarverkefnisins um 2 ár. Fundur var boðaður 13.02.24 þar sem ráðinu var tilkynnt að bæjarstjórn hefði ákveðið að efna til stefnumótunar í málefnum eldra fólks og skyldi fjölskyldusvið skipa nefndarmenn, 5-7 talsins. Tekið var fram að verkefnið væri ófjármagnað. Engin vinna virðist hafa verið lögð í hugmyndina hingað til og meira að segja óvissa um viðeigandi samsetningu nefndarinar. Þó kom fram að FEBSEL fengi 1 fulltrúa. Sigríður, Kristbjörg og Ragnheiður sátu þennan fund af hálfu FEBSEL og lögðu áherslu á að stefnumótuninni yrði að fylgja mælanleg aðgerðaráætlun og ábyrgð starfsfólks á framgangi mála.

Á fundinum kom fram að fjármagni hafi verið veitt í viðhald á húsnæðinu á 1. hæð á Skólabraut 5 og yrðu þær hafnar hið fyrsta. Ekki fylgdu með upplýsingar um hvað yrði um aðstöðuna til félagsstarfs meðan á viðhaldi stæði.

Fyrirspurn kom frá okkur um óheyrilega hækkun fasteignagjalda bæði í fyrra og svo aftur í ár eða samtals 30% yfir þetta tímabil. Meðallaunavísitala hefur hækkað sama tímabil um 18.1%. Þór bæjarstjóri upplýsti að afsláttur væri veittur til þeirra sem hefðu lágar tekjur og reglur þar að lútandi væru á heimasíðu bæjarins. Þar kemur fram að hafi hjón 9.400.000 (783.000/392.000 pr. mán) í árstekjur er afsláttur 0, og einstaklingur sem hefur 6.450.000 (537.500 pr. mán.) á ári er afslátturinn 0. Annar fundur hjá Öldungaráði hefur ekki verið ákveðinn.

Forvarnarnefnd: Fyrir okkar hönd situr þar Sigríður Ólafsdóttir. Ný forvarnarstefna er í mótun fyrir bæinn og í fyrsta sinn á að taka tillit til forvarna fyrir eldri borgara. Nefndarstarfið gekk vel í byrjun, en seinni hluta árs og fram að þessu hefur ekkert verið að gerast.

Breytingar á stjórn: Á þessum aðalfundi ber að kjósa til stjórnar eftir nýjum kosningalögum sem samþykkt voru á síðasta aðalfundi 2023. Aðalmenn og varamenn skulu kosnir til 2ja ára og formaður til eins árs. Tveir stjórnarmenn hafa óskað að hætta. Þóra Einarsdóttir sem starfað hefur að málefnum eldri borgara á Seltjarnarnesi sleitulaust um áratuga skeið. Til margra ára sem starfsmaður bæjarins og svo i nefndum og ráðum bæjarins sem koma að málefnum eldri borgara æ síðan. Vill stjórn FEBSEL þakka Þóru samvinnuna og sérstaklega fyrir óeigingjarnt starf í okkar þágu. Ragnheiður Haraldsdóttir hefur verið ritari stjórnar FEBSEL í tvö ár en stígur nú til hliðar þar sem önnur verkefni kalla. Stjórnin vill þakka henni kærlega fyrir samstarfið og óskum við þeim báðum velfarnaðar í framtíðinni.

Að loknum flutningi skýrslu formanns þakkar fundarstjóri, Ólafur Egilsson, formanni félagsins fyrir ársskýrsluna og fyrir lofsvert starf.

2. Framlagning áritaðra og endurskoðaðra ársreikninga 2022.

Sigríður Ólafsdóttir, gjaldkeri félagsins, lagði fram og fór yfir einstaka liði ársreikninga félagsins. Reikningar hafa verið samþykktir af skoðunarmönnum. Félagar sem greiddu félagsgjöld voru 173 um

síðustu áramót, og var það nokkur fjölgun. Félagsgjöld voru 2.500 kr., sem er lægsta félagsgjald sambærilegra félaga á landinu. Innheimtar voru 432.500 kr. Helstu útgjöld eru prentun á félagskorti sem borin eru í hús, greiðsla til Landsambandsins (um 120.000 kr.) og veitingar á opnum fundum, félagsfundum.

Eiginfjárstaða var um 1.000.000 kr. í lok ársins.

3. Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Fundarstjóri þakkar fyrir skýrslur og opnar á umræðu. Enginn óskar eftir að taka til máls. Reikningar eru samþykktir samhljóða.

4. Kosning formanns, stjórnar og annarra trúnaðarmanna.

Fundarstjóri fer yfir skipanir stjórnarmanna. Formaður gefur kost á sér áfram og er kosinn samhljóða með lófataki.

Þóra Einarsdóttir og Ragnheiður Haraldsdóttir hafa óskað eftir að ganga úr stjórn, eins og fram kom í skýrslu formanns. Gerð er tillaga um að Stefán Bergmann færist úr varastórn í aðalstjórn og að Aðalbjörg Finnbogadóttir taki sæti í aðalstjórn og Sigurður Hannesson í varastjórn. Aðrar tillögur koma ekki fram og er ný stjórn því sjálfkjörin. Er ný stjórn þá þannig skipuð: Kristbjörg Ólafsdóttir, formaður, og aðrir í stjórn, sem skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund, eru Aðalbjörg Finnbogadóttir, Inga Hersteinsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Stefán Bergmann og varamenn Helgi Hjaltason og Sigurður Hannesson.

Kjósa ber tvo skoðunarmenn reikninga. Þær Birna Óskarsdóttir og Hrafnhildur B. Sigurðardóttir sem sinntu þessu verkefni á yfirstandandi starfsrári gefa kost á sér áfram og voru endurkjörnar með lófataki. Óskað er eftir tillögu fundarins um varaskoðunarmann reikninga og stungið er uppá Gunnhildi Skaptadóttur, sem hlýtur til þess stuðning fundarins með lófataki.

5. Kosning fulltrúa á þing Landssambands eldri borgara.

Aðalfundurinn kýs að lokum tvo fulltrúa FEBSEL til að sitja landsþing Landssambands eldri borgara, LEB, og vera fulltrúa félagsins í samstarfi við Landssambandið. Voru þær Kristbjörg Ólafsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir tilnefndar og samþykktar með lófataki.

6. Ákvörðun um árgjöld félagsmanna

Nokkrar umræður urðu um félagsgjöldin, 2.500 kr., og var tillaga gjaldkera um hækkun félagsgjalda í 3.000 kr. samþykkt.

7. Lagabreytingar

Tvær tillögur stjórnar til lagabreytinga lágu fyrir fundinum, annars vegar á 1. kafla 2.gr. lið f, og hins vegar á lokasetningu í 2. kafla 3. grein.

Fundarstjóri les fyrst 1. kafla laganna 2. gr. þar sem fjallað er um að stjórn beri að fylgjast með lagasetningu Alþingis, sem varðar hagsmuni aldraðra og beita áhrifum sínum með viðræðum, samstarfi og samningum við ríkisstjórn og sveitarfélög, m.a. með tilnefningu fulltrúa í nefndir og ráð.

Þá las fundarstjóri breytingartillögu við þessa grein, sem er svohljóðandi: Fylgjast með lagasetningu Alþingis, sem varðar hagsmuni aldraðra og beita áhrifum sínum með viðræðum, samstarfi og samningum við ríkisstjórn og sveitarfélög, m.a. með tilnefningu fulltrúa í Öldungaráð Seltjarnarness (3 fulltrúar og þrír til vara) og í aðrar nefndir og ráð.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls um efni tillögunnar, en enginn þáði það. Tillagan var samþykkt.

Þá les fundarstjóri 2. kafla 3. grein laganna þar sem fjallað er um félagsaðild og starfsreglur FEBSEL, en tillaga stjórnar fjallar umbót í síðustu málsgrein. Fundarstjóri gerir grein fyrir að breytingartillagan lúti að því að ársreikningar og ársskýrsla félagsmanna þurfi ekki að að liggja frammi á skrifstofu félagsins eins og nú er gert ráð fyrir, enda skrifstofan ekki til. Lagagreinin yrði því eftirfarandi: Ársreikningar félagsins og ársskýrsla stjórnar skulu liggja frammi í minnst eina viku fyrir aðalfund.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls um efni tillögunnar og urðu nokkrar umræður um aðgengi að gögnum. Hið breytta orðalag var túlkað svo, að félagsmenn gætu þá átt aðgang að skýrslunni hjá formanni og stjórn félagsins vikuna fyrir aðalfund.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál.

Stefán Bergmann minnir á mikilvægi þess að umræða um málefni eldri borgara sé markviss og að hún haldi áfram, leita þarf leiða til að málum sé fylgt eftir. Þarft er að finna leiðir til að ná betur til félagsmanna og að fylgja málum eftir í samvinnu við þá.

Nokkrar umræður urðu um störf Öldungaráðsins. Fram komu þau sjónarmið að stjórn bæjarfélagsins bæri ábyrgð á hve lítið virðist vera að gerast hjá Öldungaráðinu. Fundarmenn telja að ófullnægjandi undirtektir hafi hér ráðið för, raunar hafi bæjarstjórn allt frá upphafi tekið of lítið tillit til þess sem frá ráðinu hefur komið. Mikilvægt sé að þetta breytist og að efla á ný starf ráðsins í þágu eldri borgara.

Rætt um hvort greiðsla félagsgjalda í eitt félag eldri borgara veiti aflátt í öðru, - hvort einhvers konar gagnkvæmnissamningar séu til, en svo er ekki. Fram kom að nokkuð er um að félagar í FEBSEL séu einnig í Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

Rætt um fasteignagjöldin og áréttað að upplýsingar um afslætti eru á heimasíðu bæjarins. Þurfa bæjarbúar að kynna sér þær reglur og sækja um afslætti, annars er ekki tekið mið af þeim við álagningu. Æskilegra þótti, ef hægt væri að koma því til leiðar að þetta gerðist sjálfkrafa hjá þeim sem rétt eiga á afslætti.

Rætt um Eiðismýri 30. Einstaklingar í Félagi eldri borgara í Reykjavík hafa forkaupsrétt vegna aðildar þess að byggingu hússins áður en FEBSEL varð til. En óskað hefur verið eftir að nóg sé að vera í FEBSEL. Þetta er í lögfræðilegri skoðun.

Ragnheiður þakkar stjórn FEBSEL fyrir lærdómsríkt og ánægjulegt samstarf og bendir félagsmönnum á hve starfsemi félagsins er orðin mikil og fjölbreytt.

Ólafur Egilsson fundarstjóri þakkaði formanni og stjórn fyrir gagnleg störf í þágu félagsins, fundarmönnum fyrir fundarsetuna, góð og árangursrík aðalfundarstörf, og óskaði nýrri stjórn farsældar í störfum sínum fyrir félagið.

Fundarstjóri og fundarritari ganga frá fundargerðinni í samræmi við hefð.

Fundi slitið kl.17.15.

Fundarstjóri og fundarritari staðfesta fundargerðina, eins og hún er skráð hér að framan, með því að rita undir hana nöfn sín.

Ólafur Egilsson	Ragnheiður Haraldsdóttir
fundarstjóri	fundarritari